

Haustrblad Röskva



Röskva's autumn issue

2022

haustblað röskva

Útgefandi – *Publisher*

Röskva, samtök félagshyggjufólks við
Háskóla Íslands
Röskva, the Organization fro Socially
Minded Students at the University of Iceland

Ljósmyndari í myndapætti – *Photographer in photo series*

Laureen Ósk Jibrayel

Kápa, hönnun og umbrot – *Graphic and Cover design*

Yrsa Ósk Finnboagdóttir

Prentun – *Printing*

Litlaprent
400 eintök/Copies

Samfélagsmiðlar – *Social Media*

Instagram: @roskaroskva
Twitter: @roskaroskva
Facebook: Röskva - stúdentahreyfingin
Vefsíða/Web page: www.roskva.hi.is

Efnisyfirlit

Table of Content

- 6** **Ávarp Ritstjóra**
Editor's Adress
- 8** **Ávarp forseta SHÍ**
President's of Student Coucil Address
- 10** **Ávarp forseta Röskvu**
Röskva's President Adress
- 12** **Djamm dagskrá Röskvu**
Röskva's Party-schedule
- 14** **Djamm to-do listi**
A night out to-do list
- 16** **Ávarp Ritstjóra**
Editor's Adress
- 18** **Neyðarástand í loftlagsmálum**
An environmental state of emergency
- 22** **Varðandi aðgengi í Háskóla Íslands**
Accessibility at the University of Iceland
- 24** **Skrifum nýja sögu**
Let's write a new saga
- 26** **Möguleikar fyrir nýsköpun á Hugvísindasviði**
Opportunities for innovation in Humanities
- 28** **Myndaþáttur**
Photoshoot
- 36** **Samstaða hinsegin stúdenta**
The Unity of Queer Students
- 38** **Haxaratíps frá Hagmsunafulltrúa SHÍ**
Tips and Tricks from the Student Interest Officer
- 40** **Aurora Samstarfið**
The Aurora Collaboration
- 42** **Röskvu Krossgáta**
Röskva's Crossword Puzzle
- 44** **Ljóðaveggur**
Poetry Wall
- 48** **Undursterk hugsjón**
The Wonderful Vision

haustblað röskvu

Ritstjórn Röskvu 2022

Röskva's Editorial Committee



Arna Dís Heiðarsdóttir



Elís Þór Traustason



Laureen Ósk Jibrayel



Magnús Orri Aðalsteinsson



Styrmir Hallson



Samfylkingin

Landsfundur
28. og 29. okt.
Grand Hótel.

Sjá meira á xs.is



Lime

Coca-Cola

ÁN SYKURS

ENGAR
KALORIUR

Coca-Cola

FLAVOURS

FRÍSKANDI
LIME
ÁN SYKURS

Ávarp Ritstjóra

Editor's Address

Í dvínandi sumarblíðunni býð ég ykkur gleðilegan dag, farsælt kvöld og kærkomið haust. Í augum margra er þetta misseri möguleiki á nýju upphafi, eða í sumum tilfellum meira af því sama. Eitt er víst að alltaf verður... pláss fyrir raddir okkar stúdenta. Lengi má gott bæta sagði einhver einhverntíman, og við það vil ég bæta að lengi má vannært næra. Takið inn koffín haustsins í æð og lífið fram á við, upp á við, inn á við. Það er margt á döfinni gott fólk, og vegurinn okkar þéttsetið þing, því saman sitja ósátt og þau opna raddir sínar í kór, radda hvort annað í skrifum og skýla hvert öðru þegar bjátar á. Ég vil hvetja ykkur til að ganga þennan veg með okkur, berjast fyrir hlutverki menntasjóðsins sem félagslegu jöfnunartæki, hafa hátt um nýsköpun á hugvísindasviði og skera upp herör gegn bakslaginu í réttindarbaráttu hinsegin fólks.

Samnemendur mínir, látið kaffið, bjórið, noccoið og baggið bera ykkur í gegnum önnina og árið. Standið þétt með ykkar nánustu, og kynnist fleirum til að bæta í þann hóp. Önnin er bara rétt að byrja, og það er döggun enn.

Kæri lesandi vertu velkominn í þetta blað. Kynntu þér baráttumál samnemenda þinna, málin sem brenna í rauðdælandi hjarta sjálfs þíns, djammdagskránna og allt það sem þessi útgáfa hefur upp á að bjóða.

Þessari útgáfu Haustblaðs Röskvu má neyta eins og sér, en er þó

Gott með: Kaffi

Frábært með: Brennandi og dansandi sál

🍷 Best með: Öllu ofantöldu

In the waning blissfulness of summer, I bid you a good morning, and in case I don't see you, good afternoon, good evening and good... autumn. To many, this semester is a seed to new beginnings, or in some cases just more of the same. However, one thing is always certain... There will always be room for our voices. You can always kick into a higher gear, said someone somewhere, and to that I would like to add, you can always fill up a gasless car. Inject yourself with autumn's caffeine, and look forward, look up, look inside. Folks, there is much on the cards, and our road is crowded, for shoulder to shoulder stand the let-down people and they open their voices, harmonize in their writings and provide shelter in the storm. I urge you to walk this road with us, fight for the role of the Student Loan Fund as a tool of equal opportunity, raise voices about innovation in Humanities and take up arms in the battle for queer rights.

My fellow students, let the coffee, beer, nocco and nicotine blow wind in your sails throughout the semester. Stand with your closest friends, and meet more to add to that group. This is only the beginning of the semester, and it is still dawn.

Dear reader, welcome to this Autumn Issue. Read about the fights of your fellow students, the matters that burn in the red-pumping heart within you, the party schedule and all the things this publication has to offer.

This Publication of Röskva's Autumn Issue can be consumed on its own, but is

Good with: Coffee

Great with: A burning, dancing soul

🍷 Best with: All of the above



Ávarp forseta SHÍ

Student Council President

Kæru stúdentar!

Verið velkomin (aftur) í háskólann. Loksins er Háskólatorg aftur fullt af lífi, Októberfest er framundan og haustblað Röskvu er komið út. Allt er eins og það á að vera. Ég ætla að segja ykkur aðeins frá hagsmunagæslu stúdenta en ég veit þið eruð upptekin við að læra og mingla svo ég skal hafa þetta stutt:

☀ Hvað er þetta?

Hagsmunastarf stúdenta snýst um að tryggja stúdentum bætt kjör með því að þrýsta á aðgerðir og fylgja málum effir. Í gegnum árin hafa stúdentar náð í gegn stórum og mikilvægum breytingum með hagsmunabaráttu sinni.

☀ Hvaða mál?

Öll mál sem snerta stúdenta eru okkar málefni, hvort sem það er innan eða utan veggja háskólans. Verkefni Stúdentaráðs eru mörg og fjölbreytt, allt frá því að berjast fyrir bættum kjörum stúdenta yfir í að halda skemmtilega viðburði á borð við Októberfest. Stórir málaflokkar eru húsnæðismál, lánasjóðsmál, samgöngumál, geðheilbrigðismál og bætt fjármögnun háskólastigsins.

☀ Afhverju þú?

Enginn stúdent getur sigrað baráttu eins síns liðs og þess vegna verða stúdentar að heyja hana saman. Þín rödd er mikilvæg, því það eru þínir hagsmunir sem verið er að gæta. Með því með því að taka þátt færð þú einstakt tækifæri til að hafa áhrif á nærumhverfið þitt, kynnast fólki þvert á greinar og svið háskólans og bæta í reynslubankann.

☀ Hvernig?

Þú getur tekið beinan þátt með því að taka þátt í störfum fylkinganna og Stúdentaráðs. Svo er hægt að taka þátt með því að kynna sér hvað er í gangi, mæta á viðburði og kjósa í Stúdentaráðskosningunum í mars.

☀ Viltu vita meira?

Ef þú hefur áhuga á að taka þátt í hagsmunabaráttu stúdenta eða bara forvitnast um starfið okkar er þér velkomið að kíkja við á skrifstofa Stúdentaráðs á 3. hæð á Háskólatorgi (fyrir ofan Bóksöluna) eða senda okkur línu á shi@hi.is eða á Facebook / Instagram / Twitter / Tiktak, @studentarad

Verið velkomin!



's Address

Dear Students!

Welcome (again) to the University. Finally, the University Center is once more full of life, Októberfest is right around the corner and Rösvka's Autumn Issue is out. Everything is as it should be. I am going to tell you a bit about the guarding of student interests, but I know you are busy studying and mingling, so I will be brief:

✿ **What is it?**

The guarding of and fighting for student interests is always about ensuring better conditions for students, by applying pressure for change, and following through. Throughout the years, students have achieved many important changes through their interest fight.

✿ **What Issues?**

All matters that concern students are our concern, whether they are on campus affairs or not. The projects of the Student Council are broad in variety as they are in numbers. Everything from fighting for improved interests and conditions to hosting lively events like Októberfest. Large Issues include housing affairs, student loan affairs, transportation affairs, mental health affairs and increased funding for higher education.

✿ **Why you?**

No student can win the battle on their own, which is why Students must wage their battle together. Your voice is important, for it is your interests that are being guarded. By joining the fight you receive a great experience through a unique opportunity to affect your nearest environment and meet

new people across the faculty and fields of the University, all of which add to your repertoire.

✿ **How?**

You can take direct action by participating in the factions and Student Council. You can also participate by educating yourself on ongoing matters, showing up to events and voting in the Student Council elections in March.

✿ **Want to know more?**

If you are interested in participating in the student interest fight, or you are just curious about our work, you are more than welcome to drop by at the Student Council's office on the 3rd floor of the University Center (above the bookstore) or send us a line at shi@hi.is or on Facebook / Instagram / Twitter / Tiktok, @studentarad

Welcome!

Ávarp forseta Röskvu: Af 1

Röskva's President Address:

Ég hóf mitt háskólanám í miðjum heimsfaraldri þegar stúdentar voru fastir heima á Zoom og erfitt var að kynnast fólki. Þess vegna var það dýrmætt fyrir mig að ganga í Röskvu. Þar fékk ég að kynnast fólki úr öllum áttum innan veggja háskólans, því í Röskvu eru öll velkomin og frábær vettvangur til að kynnast fólki úr öðrum deildum.

En Röskva er svo miklu meira en bara félagsskapurinn, þó hann sé dýrmætur. Röskva eru samtök félagshyggjufólks við Háskóla Íslands sem voru stofnuð árið 1988. Margt fólk hefur tekið þátt í starfi Röskvu en grunnhugsjón okkar verður alltaf jafnrétti allra til náms. Röskva hefur undanfarin ár verið í meirihluta í Stúdentaráði og undir okkar forystu hefur Stúdentaráð verið öflugt aðhald og hagsmunavörður gagnvart háskólanum og stjórnvöldum.

Meðal þeirra sigra sem Röskva hefur staðið að er að samþykkt hefur verið að sjúkra- og endurtektarprófa á haustönn verði ekki lengur tekin í lok vorannar, fleiri sálfræðingar starfa í háskólanum, fleiri íbúðir stúdentagörðum o.s.frv. en sjálfur er ég mjög stoltur af endurkomu næturstrætó sem var mér persónulega mikið baráttumál í vetur. Gildi okkar í Röskvu eru jafnrétti, róttækni og heiðarleiki og eru þau ávalt í

kjarna okkar hagsmunabaráttu. Þau verða leiðarljós okkar á komandi misserum þegar Röskva mun beita sér fyrir bættu menntasjóskerfi með endurskoðun á lögum um menntasjód námsmanna, endurskipulagningu háskólasvæðisins þar sem við leggjum áherslu á bættu nærþjónustu fyrir stúdenta líkt og heilsugæslu og lágvöruverðsverslun og fleiri mikilvæg málefni.

Kjarni Röskvu er og verður samt alltaf fólkið sem tilheyrir henni. Í Röskvu kemur fólk úr ýmsum áttum og er jafn mismundandi og það er margt. Við eigum það samt öll sameiginlegt að vilja gera háskólasamfélagið okkar betra fyrir okkur öll.

Því segi ég við þig, vertu með í Röskvu.

hverju Röskva? Why Röskva?



I started university in the middle of a pandemic when students were stuck at home on Zoom calls, which made it hard to meet new people, which is why joining Röskva was so precious to me. There I got to meet people from every corner of the university, for in Röskva everyone is welcome, and it is a great platform on which to meet people from other faculties.

However, even though the companionship to be found is valuable, Röskva is so much more than just that. Röskva, which was founded in 1988, is the organization of socially minded people at the University of Iceland. Many people have participated in our work, but the fundamental ideal will always be the right to education for everyone. For the past few years, Röskva has held a majority in the Student Council and under our leadership, the council has been a powerful support beam and student interest guardian from the university and authorities.

Among our victories are that make-up and resit exams in the autumn semester will no longer be taken at the end of spring, more psychologists are working in the university, more student accommodation on and off campus, etc. and I am very proud of the reinstatement of the night bus, which

was to me a matter of great importance.

Equality, radicalism and honesty are the values of Röskva, and they remain always at the core of our movement. In the coming semesters, they will be our guiding light, our beacon, when Röskva fights for an improved student loan fund through the revision of laws regarding student loans, the reorganization of the campus, where an emphasis is put on improved and more local service for students, e.g. a health care and a low-price supermarket, and other important projects.

Röskva's core is and will always be the people that belong to her. People from various places come to Röskva, and they have diversity in numbers. We all have in common the wish to make the campus community better for us all.

Which is why I say to you, come join us in Röskva.



Djammdagskrá Röskvu

Röskva's Party-schedule - A

✿ **Oktoberfestparty: September**

Röskva heldur fyrirpartý fyrir Októberfest SHÍ á Stúdentakjallaranum fimmtudaginn 1. september. Það er gaman að byrja öll saman þar og peppa okkur í gang fyrir veisluna framundan. Síðan verðum við öll samferða á Októberfestið sjálft. Allt verður flæðandi í bjór og einstaklega gott tækifæri til að kynnast nýju fólki.

✿ **Haustrferð: September**

Farið verður eitthvert skemmtilegt og dvalið nóttina. Haustferð er málefnaferð þar sem stefna Röskvu er mótuð. Málefnanefnd sér um skemmtilega dagskrá, síðan borðum við góðan mat saman áður en skemmtinefnd tekur við og heldur stemmingu fram á nótt!

✿ **Vísó!**

Við höldum fimm Vísindaferðir (betur þekktar sem Vísó) fyrir öll svið innan háskólans. Farið verður í Kahoot, ice break leiki, starfsemi Röskvu verður kynnt ásamt góðum drykkjum og góðu stuði.

✿ **Árshátíð: Október**

Árshátíð Röskvu er árlegur viðburður sem enginn má missa af. Það er nýtt þema á hverju ári og í fyrra var t.d. 70s þema og útkoman er alltaf stórkostleg! Það er borðhald og alltaf boðið uppá vegan mat, en síðan er mikið djammað, djúsað og dass af skemmtiatriðum.

✿ **Pubrölt: September - Nóvember**

Pubrölt í ár hjá Röskvu verður svolítið klikkað þar sem við ætlum að kynnast upp á nýtt skemmtanalífi Reykjavíkur eftir Covid og mun Röskva fara hvern fimmtufag (stundum föstudag) á nýjan stað! Við verum með afslætti/ Happy hours tilboð í hverri ferð þetta lofar enguöðru en helluðu stuði! Agulýst verður hvert er farið hverja viku á facebook og instagram(@roskvaroskva) þannig ekki gleyma að adda okkur og fylgjast með!

1 - Viðburðatímalína

An event timeline

🌟 **Publication party of Röskva's Autumn Issue: September**

Röskva's editorial committee publishes the Autumn issue with a party. The joyous moment will be celebrated at Stúdentakjallarinn (the Student Cellar) and it always passes the vibe check.

🌟 **Oktoberfestparty: September**

The Októberfest pre-game is hosted at the Stúdentakjallarinn on the Friday and Saturday of the event. It's fun to start together and get our groove for the upcoming party. Then we will all march together over to Októberfest itself. Everything will be flowing with beer, and it's a great opportunity to meet new people

🌟 **Röskva's Autumn Trip: September**

We will travel somewhere fun and stay the night. The Autumn trip is an affair and policy trip where Röskva's policy is formed. The Affairs Committee plans a fun schedule before we dine together, and then the Activities Committee holds the party going into the night!

🌟 **Vísó!**

We will host five VÍSINDAFERÐIR (commonly known as Vísó) for all Schools within the University. Kahoot will be played, Ice Breakers, and Röskva's work will be presented, along with good drinking games and fun.

🌟 **Röskva's Annual Festival: October**

The Annual Festival is (as stated) an annual festivity. An event no one can miss. There is a new theme every year (e.g. last year's theme was the 70s) and the outcome is spectacular. There is always vegan food during the dining, but then we pick up speed, party and prance.

🌟 **Pubcrawl: September - November**

This year's Pubrawl is going to be a bit more, where we will explore Reykjavík's Post-Covid nightlife. Röskva will crawl EVERY THURSDAY (sometimes Fridays) to a new pub. There will be discounts/Happy hour offers on every trip, so this is looking to become nothing else than a total vibe! Our next target on the pub list will be announced every week on Facebook and Instagram (@roskvaroskva) so don't forget to follow us and tag along.

Autumn's Honourable Mentions:

- 🌟 **Karaoke Night**
- 🌟 **Röskva's Hiking trip - September**
- 🌟 **Party Bingo - October**
- 🌟 **After Finals Party - December**

Djamm To-do listi

- ✿ Kaupa drykk handa manneskju sem þér finnst sæt
- ✿ Mæta ótúberaður niður í bæ, eins og einhver niðursetningur
- ✿ Fara í sjómann við barþjóninn
- ✿ Mála sig eins og trúður
- ✿ Taka mynd fyrir insta
- ✿ Dansa með flottan hatt
- ✿ Selfie með þingmanni
- ✿ Taka Næturstrætó
- ✿ Fara í sleik á dansgólfinu
- ✿ Reykja sígarettu með Hugvísindanema á svölunum á Sólon og ræða um brígðulleika tilverunnar
- ✿ Mimosa

A night out To-do list

- ✿ Buy a drink for someone you find pretty
- ✿ Go without a backcombed/teased hair downtown, like some vagabond
- ✿ Arm wrestle the bartender
- ✿ Paint yourself as a clown
- ✿ Take a pic for Instagram
- ✿ Dance with a cool hat
- ✿ Selfie with a person of congress
- ✿ Take the night bus
- ✿ Kiss someone on the dancefloor
- ✿ Smoke a cigarette with a Humanities student on the Sólon balcony and discuss the fragility of existence
- ✿ Mimosa



Félagsstofnun stúdenta



Félagsstofnun stúdenta er þjónustufyrirtæki í eigu stúdenta við Háskóla Íslands. Hlutverk FS er að veita stúdentum fjölbreytta og góða þjónusta á góðum kjörum til að auka lífsgæði þeirra. FS styrkir einnig starfsemi Stúdentaráðs og deildarfélög stúdenta.

www.fs.is f/FelagsstofnunStudenta/



Á morgnana, í hádeginu, á hraðferð heim eða í kvöldsnaði...

við erum til staðar fyrir þig!

Ný og spennandi tilboð í hverri viku og alltaf girnilegt Combo tilboð sem þú getur gripið með.



Opnum snemma
lokum seint


Krambúðin

Framtíð Menntasjóðsins

The Future of the Student L

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum um Menntasjóð námsmanna skal fara fram endurskoðun á tédum lögum innan þriggja ára frá því þau komu til framkvæmda og niðurstöður endurskoðunarinnar kynntar á haustþingi 2023. Í ljósi þess að ekki er kveðið á um reglulega endurskoðun þessara laga er ljóst að endurskoðun þessi er gríðarlega mikilvægt tækifæri fyrir stúdenta til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

✳ **Markmið sjóðsins**

Í lögum um Menntasjóð námsmanna segir að markmið laganna sé að "... tryggja þeim sem falla undir lögin tækifæri til náms, án tillits til efnahags og stöðu að öðru leyti, með því að veita námsmönnum fjárhagslega aðstoð í formi námslána og styrkja." Til þess að Menntasjóður hafi færi á að þjóna þessu markmiði sínu sem skyldi er mikilvægt að breytingar verði gerðar á lögunum í þágu þeirra sem falla undir þau.

✳ **Hverju vill Stúdentaráð breyta?**

Í stefnu Stúdentaráðs þegar kemur að menntasjóðsmálum er meðal annars lögð áhersla á að horfið verði frá sjónarmiðum um sjálfbærni sjóðsins. Hér er vísað til þess markmiðs sjóðsins að útlán hans standi undir sér að undanskildum 30% styrk til lánþega sem ljúka námi á réttum tíma og greiðslu barnastyrks.

Í stefnunni er einnig lögð áhersla á mikilvægi þess að upphæðir námslána séu endurskoðaðar til hækunar árlega, að lágmarki í samræmi við verðlagsþróun. Í núgildandi lögum eru engin fyrirmæli um endurskoðun með reglubundnum hætti og því ekkert sem skyldar stjórn Menntasjóðsins eða ráðherra til að bregðast við þegar efnahagsaðstæður breytast til hins verra.

Þá krefst Stúdentaráð lægra vaxtaþaks eða eitt prósent, líkt og áður var hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, sem yrði til þess að draga úr óvissu fyrir lántaka og bæta lánskjör. Í dag er vaxtaþakið fjögur prósent fyrir verðtryggt lán og níu prósent fyrir óverðtryggt lán.

Allt eru þetta dæmi um breytingar sem Stúdentaráð vill að verði gerðar á Menntasjóðnum en þessi útlitun er ekki tæmandi. Áhugasömum er bent á vef Stúdentaráðs, student.is, þar sem finna má stefnuna í heild sinni.

✳ **Rödd nemenda**

Færa má rök fyrir því að Menntasjóður námsmanna sé okkar helsta verkfæri til að tryggja öllum tækifæri til náms og líkt og áður sagði er endurskoðunin ómissandi tækifæri til að ná í gegn þörfum breytingum í þágu nemenda. Stúdentaráð Háskóla Íslands er málsvari allra nemenda við skólann og því er mikilvægt að því berist til eyrna ábendingar og tillögur frá notendum þjónustu sjóðsins. Ef þú, kærri lesandi, hefur athugasemdir eða tillögur til úrbóta þá hvet ég þig eindregið til að hafa samband við mig í gegnum netfangið lanasjodsshi@hi.is.

Loan Fund

According to transitional provision in the Student Loan Fund laws, a revision of said laws shall take place within three years of implementation and the result presented in the autumn session of 2023. Considering there is no provision for regular revisions of these laws, it is clear that the upcoming revision is an immensely important opportunity for students to shed light on their vision.

✧ **The fund's objective**

In the Student Loan Fund laws, it says the objective is to ensure that those who are subject to the law have an opportunity to education, independent of social and economic backgrounds, by offering students financial aid in the form of student loans and grants. To make this objective achievable changes must be made to the laws in favour of those who are subject to them.

✧ **What does the Student Council want to change?**

In the Student Council's policy, regarding student loan affairs, there is a heavy emphasis on abandoning the views of the fund's sustainability. This is a reference to the fund's goal that its lending is sustainable, apart from a 30% grant to loanees that finish their degree on time, and children benefits.

The policy also emphasizes the importance that the amounts of the loans are yearly revised for an increase, at least coordinating with pricing developments. In the existing laws there are no provisions about a regular revision, and thus nothing that mandates the board of the Student Loan Fund or ministers to react when economic circumstances change for the worse.

The Student Council also demands a lower interest roof, or one per cent, as was with LÍN (the former student loan fund), which would be

to decrease uncertainty for loanees and improve loan terms. Today the interest roof is four per cent for indexed loans and nine per cent for unindexed loans.

These are all examples of the changes to the loan fund the Student Council wants to see, but this enumeration is far from exhausting. Those interested are directed to the Student Council's webpage, student.is, where the policy in its entirety can be found.

✧ **The voice of students**

One can argue that the Student Loan Fund is our best tool to ensure that education is an opportunity for everyone and, as before stated, the revision is an essential opportunity to bring about necessary change in the favour of students. The Student Council of the University of Iceland is the advocate of all the students of the school, and therefore all suggestions from the users of the fund must be heard. If you, dear reader, have comments or suggestions for improvement, then I sincerely urge you to contact me directly at lanasjodsshi@hi.is



Neyðarástand í loftslagsmálum - hvað svo?

Árið 2019 lagði Röskva til að háskólinn lýsi yfir neyðarástandi í loftslagsmálum. Líkt og sést hefur í Evrópusambandinu þá eru forsendur fyrir slíkri yfirlýsingu. Hamfarahlýnun, eins og hún birtist okkur dags-daglega, er neyðarástand. Mikilvægt er að menntastofnanir og önnur heimili vísinda og rökfestu taki þátt í að lýsa því yfir. Ljóst er þó að ekki er nægilegt að þetta einskorðist við fögur orð ein og sér, heldur þarf að bregðast við með aðgerðum.

Við í Röskvu leggjum okkar að mörkum þegar kemur að þessu og beitum verkfærum okkar á hinum ýmsu sviðum. Við náum ekki árangri nema með því að nálgast loftslagsvandann frá mörgum ólíkum hliðum og með mörgum ólíkum aðgerðum. Til að mynda börðumst við hart við að fá næturstrætó aftur á laggirnar, sem var risastór sigur fyrir okkur öll. Röskva berst fyrir bættum almenningsgangum, því það liggur í augum uppi að mikið vantar upp á í þeim málum. Auka þarf sýnileika vistvænna samgangna og að koma til móts við notendur þeirra. Vandamálin einskorðast þó ekki við ferðamáta okkar, heldur þarf einnig vitundarvakningu tengda vandamálum í neyslumynstrum. Það er nefnilega lygilega margt sem betur mætti fara þegar kemur að mengun mannsins og nauðsynlegt er að varpa ljósi á helstu afgangi.

Forsenda þess að við getum tekið réttar ákvarðanir er að við vitum hvað sé gott fyrir plánetuna. Stúdentar hafa kallað eftir auknu vegan úrvali í Hámu, sem hefur að einhverju leyti verið svarað. Á meðan Röskva fagnar framþróun í úrvali á vegan mat, og aðeins grænni Hámu í dag en í gær, þá vantar ennþá uppá betra úrval í minni útibúum Hámu og í sjálfssölum á Háskólasvæðinu. Einnig er vert að nefna að fleiri valmöguleikar á vegan fæði er ekki allra meina bót eitt og sér, heldur þarf samhlíða því að minnka framboð á fæði sem hefur hátt kolefnisfótspor.

nálum

Í byrjun þessa árs lagði Stúdentaráð til að Háma færi í samstarf við Matspor verkefnið. Matspor er reiknivél sem reiknar út kolefnisspor matvæla, sérhannað fyrir mötuneyti og hönnuð af verkfræðisstofunni EFLU. Reiknivélin er einnig fær um að halda utan um magn matarsóunar. Samkvæmt útreikningum EFLU og Orkuveitu Reykjavíkur er áætlað að kolefnisspor Íslendinga frá matvælum sé ígildi um 12 tonn CO₂ á ári. Til þess að halda hlýnun jarðar innan 1.5°C þá er áætlað að þetta tiltekna kolefnisspor þurfi að vera ígildi um 4 tonn CO₂ á ári. Í stefnu Röskvu er lagt til að kolefnisspor einstakra rétta í Hámu sé gefið upp, sem gefur neytendum tækifæri til að bera saman kolefnisfótspor ólíkra rétta, sem er einmitt lykilþáttur í vitundarvakningu og skref í átt að minnkun losunar á hvern einstakling í 4 tonn CO₂ á ári.

Röskva hefur verið leiðandi afl í baráttunni fyrir aðgerðum gegn hamfarahlýnun og við erum hvergi nærri hætt. Röskva heldur meirihluta í Stúdentaráði og það skilar árangri, þessvegna höldum við áfram því baráttan er ekki búin. Við höfum umboð nemenda þessa skóla til að gera einmitt það, með öllum þeim aðgerðum sem þarf. Þá vekjum við athygli á því að Háskóli Íslands, sem æðsta opinbera menntastofnun landsins, á að vera í fararbroddi á öllum sviðum umhverfismála. Við fögnum því að HÍ sé kominn í hóp skóla á Íslandi sem geta flaggð Grænfánanum, en það er bara eitt skref í mun lengri baráttugöngu. Háskólinn og önnur hreyfiöfl innan veggja hans þurfa að viðurkenna hvað betur má fara hverju sinni. Þau þurfa að átta sig á feilsporum, til þess að geta rétt sig af. Kæri lesandi, enn og aftur, forsenda þess að við getum tekið réttar ákvarðanir er að við vitum hvernig við getum gert betur.

An environmental state of *emergency* - and what now?

In 2019, Röskva proposed the university declare a state of emergency regarding climate change. As is evident in the European Union, the means for such measures are present. Global warming, in its day-to-day form, is critical. Educational institutions and other homes of science and logic must take part in declaring that. However, pretty words won't suffice on their own, but rather action has to follow suit.

Röskva plays their part when it comes to their matters and makes use of her arsenal on various battlefields. We cannot be successful, unless we tackle the problem from many different sides, with many different actions. We, for example, fought hard for the reinstatement of the Night bus - a sweet victory for us all. Röskva fights for improved public transport, for the lacking on that front is crystal clear. We need to increase visibility on eco-friendly transport and accommodate their users. The problems are however not limited to our mode of transportation, but we also need to come about an intellectual awakening regarding our consumption patterns. You see, there is quite a lot that needs fixing when it comes to our pollution and it is important to shed light on the main shortcomings.

The means by which we can take correct decisions is that we know what is good for our planet. Students have called for increased vegan selection in Háma, which has been answered to some degree. While Röskva celebrates this - a little greener Háma today than yesterday - there are still improvements to be made to smaller Háma stores and vending machines. It is also worth noting that an increased vegan selection will not heal all wounds all by itself, but rather alongside it, we need to decrease the supply of food with a much higher carbon footprint.

Early this year, the Student Council proposed Háma collaborated with the Matspor project, a calculator that calculates the carbon footprint of foods, specially designed for cafeterias, and designed by the engineering office EFLA. The calculator can also keep track of the amount of food waste. According to

Reykjavík Energy and EFLA's calculations, the estimated carbon footprint of an average Icelander from food alone is equal to 12 tons of CO₂ annually. To keep the global temperature within 1.5°C it is estimated that this particular footprint needs to be at least equal to 4 tons of CO₂ annually. In Röskva's policy, it is proposed that the carbon footprints of meals be revealed, which allows consumers to compare the footprint of different dishes. This plays a key role in an intellectual awakening and is a step towards the required 4-ton goal.

Röskva has been a leading force in the battle for action against global warming, and we are nowhere near quitting. Röskva holds a majority in the Student Council and with success, which is why we keep the fight alive - for the battle is not won. We have the agency of the students of this school to do exactly that, with all the actions necessary. We remind you that the University of Iceland, as the country's highest public education institution, should be at the forefront of all environmental matters. Of course, we celebrate that UI is now in the group of schools that can flag the Green Flag, but that is merely a step in a much longer march. The University and other forces within its walls must admit where and when improvements are needed. They need to realize each misstep to be able to get back on track. Dear reader, once and again, the means by which we can take correct decisions, is to know how we can do better.



Varðandi aðgengi í Háskóla Accessibility at the University

Fyrir þremur árum síðan þurfti ég að hætta í námi vegna aðgengisleysis í HÍ, en hvað hefur gerst síðan?

Verandi Röskvuliði, með eldrautt hjarta, var ekki í stöðunni að leyfa stjórnáslunni að ganga upp með algjört aðgerðarleysi. Ástríðan fyrir réttlæti og jafnræði var alltumlykjandi. Ég var skipuð af Stúdentaráði í Ráð Háskólans um Málafni Fatlaðs Fólks (RUMFF) 2019 og hef setið þar síðan, ásamt því að vinna í Öryrkjabandalagi Íslands og er núna formaður Sjálfshjálpar, Landssambands Hreyfihamlaðra.

Vitundarvakning samfélagsins á mikilvægi aðgengis fyrir alla og algildri hönnun er í fullum gangi og góðu fréttirnar eru að hún hefur smitast inn í Háskóla Íslands. Þegar ég byrjaði í réttindabaráttunni var þó nokkuð erfitt að eiga við starfsfólk skólans og telja þeim trú um mikilvægi aðgengis, en núna er allt annað hljóð í þeim.

Það eru heilmiklar breytingar í gangi á byggingum HÍ og þar má helst nefna Eirberg við Hringbraut. Eirberg var sú bygging með allra versta aðgengið fyrir hjólastólanotendur en í ár hefur verið komið upp glæsilegri hjólastólalyftu að framan ásamt almennri lyftu innandyrna. Mikið af úrbótum hafa einnig átt sér stað innandyrna en enn á eftir að setja einn ramp í kjallara hússins, það á að gerast á næstu mánuðum. Húsið er gamalt og er því erfitt að ráða við ákveðin aðgengisatriði eins og breidd ganga, staðsetning burðarstólpa byggingarinnar og fleira, og gæti því kjallarinn því miður verið að hluta til óaðgengilegur fyrir fólk í stórum rafmagnshjólastólum.

Breytingarnar eru þó stórkostlegar og þrátt fyrir að hafa verið í námi í húsinu 2018–2019 var ég fyrst í vor að fá að fara um 95% af byggingunni. Tilfinningin af að sjá afrakstur afdrifaríkrar réttindabaráttu var ólýsanleg. Þetta tók sinn tíma, en hafðist á endanum.

Fleiri byggingar Háskólans hafa einnig fengið úrbætur, þó ekki alveg jafn dramatískar og Eirberg, en mikilvægar samt sem áður.

Það er gríðarlega mikilvægt að láta heyra í sér ef maður upplifir skert aðgengi innan Háskólans, hvort sem það er vegna bygginga, námsefnis eða annars. Öll, fötluð sem ófötluð, eru með mismunandi aðgengisþarfir og er því erfitt að hafa fullkomna yfirsýn yfir hvað þarf að bæta – sérstaklega ef enginn hefur talað um það.

Jafnréttisfulltrúar HÍ eru frábærir og hægt er að hafa samband við þá í gegnum netfangið jafnretti@hi.is. Einnig er velkomið að hafa samband við mig á margret@sjalfsbjorg.is.

Munum: Réttinda- og hagsmunabaráttu virkar!

la Íslands ity of Iceland

*Accessibility at the University of Iceland
Three years ago, I was forced to drop out of
my studies, because of inaccessibility in UI, but
what has happened since?*

*Being a part of Röskva, with a fiery red
heart, letting the administration get away with
complete stagnation was not an option. Passion
for justice and equality was everywhere. In
2019, at the hand of the Student Council, I was
appointed to the university's committee on
disability affairs (RUMFF) and I have had a seat
there since, along with working at the Icelandic
Disability Alliance, and now I am President
of Sjálfsbjörg, the Icelandic federation of
physically disabled people.*

*Society's awakening on the importance
of accessibility for all and universal design
is now in full swing, and the good news is
that it has reached the University of Iceland.
When I started in the rights movement, it was
quite a fight dealing with the school's staff
and convincing them of the importance of
accessibility - but now that is changing for the
better.*

*Quite a few changes are going on in
the buildings of UI, and especially in Eirberg
at Hringbraut. Eirberg used to be the most
inaccessible for wheelchair users, but this year
a gorgeous wheelchair lift has been installed
at the front, along with a proper lift inside.
Many improvements have taken place indoors
as well, but still, it lacks one ramp in the cellar,
which is on schedule in the coming months. The
house is old and therefore it is difficult to solve
particular accessibility issues, e.g. the width
of the hallways, placement of support beams,
and so forth, so a part of the cellar might sadly
be inaccessible for people in large electric
wheelchairs.*

*The changes, however, are spectacular
and despite studying there from 2018-2019, I*

*was just this spring able to traverse 95%
of the build - something I could not do
before. It is an indescribable feeling,
to see the achievements of a relentless
rights movement. It took its time, but we
got there in the end.*

*More buildings of the University
have also been improved, yet not so
drastically as Eirberg, but important
nonetheless.*

*It is incredibly important to make
yourself heard if you experience
inaccessibility within the University,
whether it is to buildings, educational
content or anything. Everyone, disabled
and non-disabled, has different
accessibility needs, so it is hard having
a complete view of what needs fixing -
especially if no one talks about it. UI's
equal rights representatives are great
and you can contact them through the
address jafnretti@hi.is. You are also
welcome to contact me at [margret@
sjalfsbjorg.is](mailto:margret@sjalfsbjorg.is).*

**And remember: The equality and
interest fight works!**

Skrifum nýja Sögu

Let Us Write a New Saga

Þegar ég kem inn í Stakkahlíðina eftir röltið frá strætóskylinu sé ég þar mann í hjólastól sem er að reyna að komast í gegnum litla hurð sem liggur inn í Hámu og stelpu sem þarf að ná strætó til þess að komast í tímann sinn í VR-II. Ég hugsa með sjálfri mér, vá hvað lífið væri auðveldara ef ég væri á Félagsvísindasviði.

Aðgengi að þjónustu í Stakkahlíðinni hefur verið ábótavant og samgöngur á milli Stakkahlíðarinnar og háskólasvæðisins eru lélegar og tekur strætóferð þar á milli u.þ.b. 10-15 mínútur. Þetta gengur ekki upp fyrir þá nemendur sem þurfa t.d. að sækja kennslustundir á báðum stöðum. Þetta er þó að breytast því í desember síðastliðnum festu íslenska ríkið og FS kaup á Hótel Sögu. Sú kaup tryggja Menntavísindasviði nýtt húsnæði með nýjum tækifærum. Þetta gerir það að verkum að stúdentar við Menntavísindasvið fá loksins að vera með í Vatnsmýrarfjörinu. Nú verða þeir í göngufæri frá Háskólatorgi og allri þeirri þjónustu sem þar er hægt að fá, svo sem náms- og starfsráðgjöf og Stúdentakjallaranum.

Nýtt húsnæðið býður að auki upp á lagfæringar sem erfitt var að framkvæma í Stakkahlíðinni og á það sérstaklega vel við um aðgengismál. Við kaupin var myndaður starfshópur og þar sitja bæði kennarar og fulltrúar nemenda og þar eigum við fulltrúa sem eru óhræddir við að láta heyra í sér þegar kemur að okkar kröfum.

Á Menntavísindasviði ríkir einnig stór hefð fyrir fjarnámi en á teikningum

fyrir nýtt húsnæði innan Sögu er gert ráð fyrir auknum fjarkennslurýmum fyrir kennara. Með tilkomu betri aðstöðu fyrir kennara leggjum við miklar vonir um betra aðgengi að fjarnámi fyrir þann mikla hluta nemenda innan Menntavísindasviðs sem sækja það. Við í Röskvu trúum á jafnrétti allra til náms og á jafnt gæði náms hvort sem nemendur kjósa fjarnám eða staðnám.

Þetta er stór áfangi fyrir Menntavísindasvið og háskólasamfélagið almennt. Þetta skapar ný tækifæri

fyrir nemendur og kennara. Þessi flutningur skilar okkur félagslegum og faglegum ávinning. Menntavísindasvið fær að vera með í háskólasamfélaginu, sviðin ná að tengjast betur sem býður upp á aukið samstarf og þverfaglegt nám. Fulltrúar okkar í starfshóp um flutningin munu koma til að skipuleggja náms- og starfsumhverfi í takt við kröfur nútímans og kröfur stúdenta. Ég hlakka til að skrifa nýja Sögu.

When I arrive in Stakkahlíð after walking from the bus stop I see a man in a wheelchair, struggling to enter a narrow door into Háma and a girl sprinting who needs to catch a bus back to VR-II to attend her class there. I think to myself, oh how life would be easy if I only were in Social Sciences.

Access to service in Stakkahlíð has been lacking and the public transport between there and the university campus is poor. A bus ride between the two points takes approximately 10-15 minutes. This does not work for the students that attend classes at both places. This, however, is about to change, for last December, the Icelandic government and the Icelandic Student Services bought Hotel Saga. The investment ensures the School of Education a new home, new opportunities, and further accommodation for other students. Those who study at the School of Education can then finally be a part of the Vatnsmýrar-fun. Now they will be within walking distance from Háskólatorg and all the services that can be found on campus, e.g. career and guidance counselling and the Student Cellar (Stúdentakjallarinn).

New housing offers rectifications that are difficult in execution at our current home. This especially applies to accessibility affairs. After the purchase of Saga, a new task force was formed, including both teachers and student representatives that are unafraid to be heard when it comes to our demands.

In the School of Education, there is a strong remote learning tradition, and on the drawings for new accommodation in Saga, increased space for remote teaching is assumed. With an improved facility for teachers, we have high hopes for better accessibility to remote learning for the

large proportion of Students of Education that choose the medium. Röskva believes in an equal opportunity for education, and that includes equal quality, whether students choose to study on campus or not.

This is a big milestone for the School of Education and the campus community as a whole. It creates new opportunities for students and teachers alike. This move brings us both social and professional gain. The School of Education gets to join the campus community, the Schools get a better connection, which offers greater cooperation and interdisciplinary study. Our representatives in the task force will organize a learning and working environment in line with modern requirements and student demands. I am looking forward to writing a new Saga.



Möguleikar fyrir nýsköpun

Opportunities for innovation

Áhersla á nýsköpun hefur á undanförunum árum aukist gríðarlega og því ber að fagna. Í almennri umræðu hefur nýsköpun þó gjarnan einskorðast við frekar einsleit svið, ber þar tæknigeirinn hæst. Af þeirri ástæðu er mikilvægt að gleyma ekki að nýsköpun er nauðsynleg á öllum fræðasviðum. Nýsköpun er ekki síður mikilvæg í fornleifafræði en í hugbúnaðarverkfræði og ef þau taka höndum saman skapast ógrynni tækifæra.

Nýsköpun er í sinni tærustu mynd sú athöfn að skapa eða búa til eitthvað nýtt eða að endurbæta það sem til staðar er. Að greina og túlka menningu með þeim tilgangi að sjá heiminn í nýju ljósi er einmitt það sem stór hluti hugvísindasviðs tekst á við. Það er nýsköpun.

Fyrr á árinu skrifaði ég grein um mikilvægi þess að forðast að sníða háskólanám eftir þörf á vinnumarkaðnum. Sérstaklega var það skrifað í ljósi þess að nám á hugvísindasviði lýtur í mörgum tilfellum ekki lögmálum vinnumarkaðarins eins og tíðkast á öðrum sviðum.

Það sem skapar verðmæti núna getur átt í hættu með að gera það ekki eftir tíu, tuttugu eða hundrað ár. Að sama skapi getur það sem nú virðist verðlaust vel orðið gríðarlega verðmætt í framtíðinni. En stundum virðast ráðandi öfl aðeins einblína á hagnaðinn sem hægt er að fá út úr nýsköpun.

En er það nokkuð slæmt? – Nei, í rauninni ekki, nema fyrir þær sakir að þá takmörkum við okkur við nútímann og missum af framþróun, sem er andstætt nýsköpunarhugsjóninni. Þá misferst að meta verðmætin sem nýsköpun ber af sér fyrir það eitt að eiga sér stað, óháð hagnaði. Með því að einblína á niðurstöður í stað möguleika skapast vettvangur fyrir þröngsýni, sem á ekkert upp á borð með nýsköpun.

Því er mikilvægt að við öll, þvert á svið, höfum opin eyru og opin hug þegar minnst er á nýsköpun. Gæsinarnar eru út um allt og bíða eftir að við grípum þær.



Innovation in Humanities

There has been an increased emphasis on innovation in the past few years - a cause for merriment. However, innovation has in the general discourse been recurrently associated with monotonous Schools or faculties, and technology holds a predominant advantage. As a result, it is important to remember the vitality of innovation in the entire academic spectrum. Innovation is no less important in archaeology than it is in software engineering, and if they combine forces, a myriad of opportunities will be made.

In its most sincere form, innovation is the act of creation or reformation of preexisting creations. To analyze and interpret culture with the express purpose of seeing the world through a new scope is precisely a large part of what humanities deal with. That is innovation.

Earlier this year I wrote an article on the importance of the university avoiding cuts based on the needs of the job market. An article written especially because the humanities are in many respects not subject to the same conditions as other Schools.

What creates value today is subject to stop doing so in ten, twenty, or hundred years. In the same manner can what now seems to lack value become extremely valuable in the future. Sometimes, however, it seems that dominant forces only focus on the financial gain of innovation.

But is that bad? - Well in truth, no, except that then we limit ourselves with the present day and blunder the change of progress, which is contradictory to the innovation ideal. We then fail to assess the values innovation creates by simply existing, independent of financial gain. By fixating on the result rather than the opportunity, we pave the way for narrow-mindedness, which has nothing in common with innovation

It is therefore pivotal that all of us, across Schools and faculties, keep our ears and our minds open when innovation is mentioned. The golden geese are flying and waiting for us to catch them.

Myndabátt



ur



RÖSKVU




ALPTRA











Samstaða hinsegin stúden

The Unity of Queer Studen

Eftir skotárásina sem var framin á hinsegin skemmtistaðnum London í Osló í júní, niðurlægjandi samfélagsmiðlatrend að gelta á hinsegin fólk og trans-útilokandi stefnu Sundsambandsins þá hefur samstaða verið áberandi í hinsegin samfélaginu á Íslandi. Hérlandis eru engin lög sem vernda hinsegin fólk gegn hatursglæpum. Það er greinilegt að ríkisstjórnir síðustu ára hafa ekki lagt ríka áherslu á að vinna gegn ofbeldi og fordómum í garð hinsegin fólks. Þangað til eitthvað gerist í þeim efnum þá er það á ábyrgð okkar allra að koma í veg fyrir ofbeldi og áreitni í samfélaginu og tryggja að samfélagið sé öruggt fyrir jaðarsett fólk. Fræðsla um hinseginleika, samtvinnun við aðrar mismunabreytur og stöðu jaðarsettra hópa skiptir sköpum. Við þurfum að halda áfram að fræða okkur sjálf og fylgjast með því sem grasrótahreyfingar eru að vinna að og hins vegar að fræða og leiðrétta fólk í kringum okkur, við hvert einasta tækifæri.

Það er enn margt eftir sem hinsegin fólk þarf að berjast fyrir, bæði lagalegum og samfélagslegum skilningi. Að horfa upp á bakslag í réttindabaráttum jaðarsettra hópa er sársaukafullt en því miður eitthvað sem við erum orðin óþægilega vön að sjá, víðsvegar um heim. Það er í augum uppi hvað það er mikilvægt að við höldum áfram að standa vörð um réttindi okkar og tilvistarrétt. Hinsegin ungmenni ættu að upplifa meira öryggi en ég gerði þegar ég var unglingur, en sú staðreynd að hinsegin fólk verði enn fyrir ofbeldi og áreitni sýnir að það er rými fyrir ofbeldið.

Q - félagið hefur staðið vaktina þegar kemur að uppbyggingu ókyngreindra salerna innan HÍ. Það er sárara en fólk áttar sig á að þurfa að velja að halda í sér með tilheyrandi óþægindum eða nota kynjað salerni sem er ekki öruggt rými fyrir margt kynsegin og hinsegin fólk. Stúdentar Háskóla Íslands verða að skapa samfélag sem er öruggara rými fyrir hinsegin fólk og er fyrirmynd fyrir íslenskt samfélag. Tökum virkan þátt í því að styðja hinsegin stúdenta í því sem þau eru að gera, til þess að draga úr áframhaldandi jaðarsetningu hinsegin fólks. Versla af hinsegin fólki vörur og þjónustu, hafa hinsegin fólk með í stjórnnum, verkefnum og ákvarðanatökum og beina athygli að því sem þau hafa að segja.

Hinsegin samfélagið er fullt af ást. Ást til hvors annars og til okkar sjálfra. Að vera hinsegin er að elska sig það mikið að við gefum okkur leyfi til að vera sannasta útgáfan af okkur sjálfum. Við berjumst ekki gegn hatri með afli heldur með því að elska okkur sjálf meira en þau hata okkur.

nta
ts

After the shooting at the queer venue London in Oslo in June, the degrading social media trend of barking at queer people and the trans-excluding policy of the Icelandic Swimming Association, there has been a noticeable unity within the Icelandic queer community. In this jurisdiction, there are no laws that protect queer people from hate crimes. It seems that the past few governments have not put much emphasis on fighting the violence and prejudice toward queers. Until something happens on that front, it is our responsibility to prevent harassment and violence in our society and ensure that it is safe for marginalized people. Education about queerness, and interweaving it with other variables and the position of marginalized groups is vital. We need to continue educating ourselves and follow what grassroots movements are working on, and at every opportunity, educate and correct others around us.

There is still much that queer people need to fight for, both in a legal and societal sense. To watch a knockback in the equal rights movement of marginalized groups is painful, but sadly something we have been dismally accustomed to seeing all over the world. The vitality of keeping on guarding our right to equality and our right to be is crystal clear. The queer youth should feel safer than I did in my teens, but the fact that queer people still experience violence and harassment signals there is still room for it.

The Q - Queer Student Association has stood the watch when it comes to the



buildings of ungendered bathrooms in UI. It is more hurtful than people realise to have to choose to hold it in with following distress or use a gendered restroom, which is not a safe space for many gender-queer and queer people. The students of this university must create a society that is a safer space for queer people and is a model for the Icelandic community. Let us take an active part in supporting queer students to reduce their continuing marginalization. Conduct business with queer people, have queer people in committees, projects and decision-making, and draw attention to what they have to say.

The queer community is full of love. Love to one another and ourselves. To be queer is to love yourself enough to let yourself be your truest version. We do not fight hatred with power, but by loving ourselves more than they hate us.

Haxaratíps frá Hagsmunum

Tips and Tricks from the S

Nú þegar stúdentar fylla byggingar háskólans enn á ný eftir missólríkt sumar getur verið margt að huga að. Hér koma sex #haxaratíps sem munu vonandi einfalda ykkur lífið á dimmum lærdómsvetrum.

#1 Aðgangur að gömlum prófum.

Þú átt ekki að eiga þurfa að fara blindandi inn í próf. Þú átt rétt á að sjá gömul próf samkvæmt lögum háskólans.

#2 Kaffikort í Hámu.

Ég væri til í að sjá tölfræðina yfir kaffidrykku stúdenta miðað við aðra hópa samfélagsins – það er #hax að kaupa (grænt) kaffikort á mun betra verði heldur en að þurfa borga fyrir stakan kaffibolla óþarflega oft á hverjum degi.

#3 Afslættir fyrir stúdenta

Á student.is er hægt að finna heilan helling af afsláttum allt frá sólglerugum og lazeraðgerðum til þynnkumats og afréttara – Allt fyrir öll!

#4 Endurgreidd skrásetningargjöld

Staðreyndin er sú að meirihluta stúdenta vinna með námi og er því mikilvægt að nefna að öll sem greiða í stéttarfélag eiga rétt á að fá skrásetningargjöldin endurgreidd. Athugaðu réttindin þín hjá þínu stéttarfélagi.

#5 Ódýrt leiguhúsnæði

Stúdentar við HÍ hafa rétt á og aðgengi að ódýru húsnæði. Húsnæðishax stúdenta við HÍ er Félagsstofnun Stúdenta að þakka þar sem að FS er sjálfseignarstofnun (sem þýðir einfaldlega að þau megi ekki hagnast á rekstrinum sínum). Leigan er ein sú lægsta á höfuðborgarsvæðinu og hafa aldrei verið fleiri íbúðir aðgengilegar stúdentum en nú.

#6 Sérúrræði í prófum

Sért þú að kljást við námsörðugleika, prófakvíða og hverskyns annan vanda sem hefur áhrif á námið. Þá gætir þú átt rétt á sérúrræði í prófum. Hafðu samband við náms- og starfsráðgjöf, þau eru staðsett á þriðju hæðinni á Háskólatorgi.

#Bonus round

Réttindaskrifstofa Stúdentaráðs er þér alltaf til taks. Við vinnum við að gæta og berjast fyrir hagsmunum þínum! Við erum einnig staðsett á þriðju hæðinni á Háskólatorgi en það er einnig hægt að hafa samband í síma 570-0850 eða shi@hi.is.

Gleðilegt nýtt skólaár og sjáumst á Háskólatorgi!

Katrín Björk Kristjánsdóttir,
Hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs
Háskóla Íslands
hagsmunashi@hi.is eða shi@
hi.is, 6167730

afulltrúa SHÍ

Student Interest Officer

#1 Access to old exams.

There is no need to walk blindly into an upcoming exam. You have the right to obtain old exams according to university laws.

#2 Háma's Coffee card.

I would love to see the statistics on the students' coffee consumption in comparison to other groups of society. It is a way better deal to buy a (green) coffee card from Háma rather than to buy a single cup of coffee unnecessarily often, every single day

#3 Student discounts

You can find an incredible amount of discounts at student is. The discounts vary from sunglasses and laser operations to meals that help to battle your hangover or even a so-called pick-me-up.

#4 Repaid registrations fees

It is a common fact that the majority of students combine their studies with work. An important tip to all working students that pay a union fee, you have the right to get the University's registration fee repaid. Explore your rights at your union.

#5 Cheap accommodation

Students at UI have the right and access to cheap rental apartments. This is thanks to the non-profit organization Icelandic Student Services (FS). The rent is among the cheapest in the Capital region and there have never been more apartments available to the students than right now.

#6 Special exam needs

If you are struggling with any learning difficulties, exam anxiety, or any sort of difficulty that affects your studies, you might have the right to special measures in exams. Contact the Student and Career Counselling if this may apply to you They are located at Háskólatorg's third floor

Bonus round

The Student Rights Office is always available right at your fingertips. We work hard to protect and fight for your student rights!

We are also located on the third floor in Háskólatorg, but you can always contact us at shi@hi.is or call us at 570-0850 during office hours.

Happy new school year and I am looking forward to seeing you at Háskólatorg!

Katrín Björk Kristjánsdóttir,
Student Interest Officer of the Student Council
of the University of Iceland
hagsmunashi@hi.is or shi@hi.is, 6167730



Aurora Samstarfið

The Aurora Collaboration

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur einsett sér það markmið að koma á laggirnar evrópsku "háskólasvæði" þvert á háskóla og landamæri þar sem að nemendum býðst annars konar menntun en hefur áður staðið þeim til boða. Menntun sem leggur áherslu á alþjóðavæðingu og þverfaglegt samstarf háskóla sem gengur lengra en önnur samstörf hafa gert hingað til.

Til að raungera þetta markmið hefur Erasmus+ verkefnið veitt 41 háskólasamstarfi fjárhagslegan styrk, og gert er ráð fyrir að sú tala muni fara hækkanði. Eitt af þessum samstarfsnetum er Aurora samstarfið, sem Háskóli Íslands tekur virkan þátt í.

Aurora býður upp á ýmis tækifæri fyrir nemendur, sem dæmi má nefna opnar vinnustofur og verkefni á borð við haggþögn og málstofur sem eru auglýst á samfélagsmiðlum¹ og í gegnum hóppósta, styttri og lengri námskeið í öðrum Aurora háskólum þar sem einingar teljast til gráðunnar í heimaskólanum² og samstarfsverkefni sem spanna akademískt ár, t.d. svokölluð Stúdenta Skemu (e. Student Schemes).³

Aurora leggur áherslu á aðkomu nemenda að allri ákvarðanatöku og bjóða Skemun nemendum upp á tækifæri til að þróa störf háskólana á hinum ýmsu sviðum, svo sem sjálfbærni og umhverfismálum, stafrænni þróun, samfélagslegum áhrifum náms og geðheilsu, svo fátt eitt sé nefnt. Sömuleiðis bjóðast þátttakendum tækifæri til að taka þátt í vinnustofum og námskeiðum (bæði á netinu og í persónu) sem leggja áherslu á persónulega og faglega þjálfun nemenda sem mun nýtast í starfi en er oft vanrækt í hefðbundnu námsumhverfi, t.d. ræðumennsku, alþjóðlegt samstarf og samskiptahæfni.

Háskólar í samstarfinu eru, auk Íslands,

staðsettir á Spáni, Ítalíu, í Frakklandi, Englandi, Tékklandi, Hollandi, Þýskalandi, Austurríki og Danmörku.

Þetta snýst ekki eingöngu um að mæta háleitum markmiðum Evrópusambandsins heldur er áherslan lögð á að bjóða nemendum upp á heildræna menntun sem metin er að verðleikum sínum. Menntun sem veitir ekki einungis prófskrirteni heldur hjálpar nemendum að þróa með sér hæfileika og getu sem ekki er endilega lögð áhersla á í hefðbundinni skólafestu.

Við hljótum að vilja útskrifa nemendur sem búa að samskiptahæfni og sjálfsstrausti. Við viljum útskriftarefni sem eru skapandi, opin og sjálfsörugg og það er það sem alþjóðareynsla kennir þér.

¹ T.d. á Instagram reikningi Stúdentaráðs Aurora (@aurorastudentcouncil)

² Þau námskeið sem eru opin fyrir skráningu á hverjum tíma fyrir sig má finna á www.aurora-universities.eu/course-catalogue/

³ Umsóknir eru opnar til 18. september og hægt er að sækja um á www.aurora.upol.cz/aurora-student-schemes



The European Commission has made it their goal to establish a European higher education inter-university 'campus' where students are offered different kinds of educational opportunities than have previously been available to them. An educational environment that emphasises internationalisation and an interdisciplinary university cooperation of a higher level.

To realise this goal the Erasmus+ project has given 41 university alliances a financial grant to develop their co-operations, and it is presumed that number will grow. One of these cooperations is the Aurora Alliance, of which the University of Iceland is an active participant.

Aurora offers a variety of opportunities for students, for example, open workshops and projects such as hackathons and seminars that are advertised on social media⁴ and through mass emails, shorter and longer mobility opportunities at other Aurora universities where the credits earned there count towards the degree at a student's home institution⁵ and collaborations that span an entire academic year, such as the Student Schemes.⁶

Aurora emphasises the importance of the student voice being heard and listened to at every level of the decision-making process and the Schemes offer students a chance to develop the universities' work in a variety of fields, such as sustainability and environmental impact, digitalisation, societal impact and mental health, to name a few. In addition to this, participants are provided with a chance to partake in workshops and seminars (both online and in person) that emphasise students' personal and professional development that is often neglected in the traditional classroom environment, such as public speaking,

international cooperation and social skills.

Universities taking part in the cooperation are, in addition to Iceland, located in Spain, Italy, France, England, Czechia, the Netherlands, Germany, Austria, and Denmark.

This isn't just about meeting the goals of the European Commission, the focus is rather to offer the most valuable and holistic education possible for our students. An education where they do not only walk away with a degree but walk away having developed skills that aren't necessarily taught in the traditional classroom environment.

Surely we want our graduating students to have learned soft skills and confidence in their abilities. We want graduating students who are innovative, open-minded and confident and that is what international experience teaches you.


⁴ For example on the Aurora Student Council's Instagram account (@aurorastudentcouncil)

⁵ The courses currently open for registration can be found at www.aurora-universities.eu/course-catalogue/

⁶ Applications are open until September 18th and students can apply at www.aurora.upol.cz/aurora-student-schemes



Krossgáta Röskvu




Dvert

- 4. Röskvubjórinn (einnig kvennmannsnafn)
- 6. Hér fæst bjór á afslætti fyrir stúdenta
- 7. Einstaklingur sem er efstur á framboðslista

Niður

- 1. „Það er _____ okkar, okkar einingarbands“
- 2. Háskóli _____
- 3. Bróðir Röskvu í goðafræði
- 5. Litur félagshyggju

Röskva's Crossword Puzzle



Across

- 3.** A person on top of an election list
- 6.** The University of _____
- 7.** In this bar, students can buy beer at a discount (Icelandic)

Down

- 1.** "It is our _____, of our unity bond"
- 2.** Röskva's brother in Norse mythology
- 4.** The Röskva beer (also a female name)
- 5.** The colour of social-minded people

Ljóðar

Jana Björg Þorvaldsdóttir
ég á mér tvo engla
tvær guðmæður sem passa upp
á mig
þær kenna mér að velja og drekka
rauðvín
hvar sé best að borða
og hvernig eigi að elda humar
önnur kennir mér á erfðarétt
en hin um mikilvægi þess að fara
reglulega til kvensjúkdómalæknis

þær kenna mér hvað er mikilvægt

Án titils

Júlía Karín Kjartansdóttir

ég vakna með bundið fyrir augun
og hníf í hægri hendinni
stend upp og reyni að átta mig
en þá stekkur einhver á mig
hún stingur mig í magann
ég öskra
sting á móti
hlýt að hafa hitt
því hún öskrar kunnuglegu öskri
fæ högg á gagnaugað
dett aftur fyrir mig
sparka frá mér
finn hana lenda
á gólfinu við hliðina á mér

við liggjum kyrrar
uppgefnar
okkur blæðir út
ég ber hnífinn upp að andlitinu
og sker klútinn lausan
opna augun og lít til hliðar
þar liggur
mamma mín
systir mín
besta vinkona
ég

Það sem sést í fjarska

Kjartan Ragnarsson

Hvað myndir þú gera?
Ef að augun mín gleypu þig
Og skiluðu þér aldrei
Og héldu þér að eilífu í huga mínum
Hvað myndir þú gera?

Og hvað myndir þú segja?
Ef að augun þín finndu mig líka
Einhvers vegna
Og vildu ekki sleppa
Hvað myndir þú segja?

Myndir þú mér segja?
Ef þú sæir Ísland úr lofti
Og vissir þá hvað það meinti
Að sum fegurð sjáist aðeins úr fjarska
Hvað myndir þú segja?

Ef þú sæir mig í fjarska
Og augun þín reyndu að gleypa mig
Og halda mér að eilífu
Myndir þú mér segja?

Þeggur

Hagnýtar sudokubrautir

Birta B. Kjerúlf

Mikið væri það nú einfalt að geta breytt fólki í tölur yfir heitum kaffibolla á sunnudegi.

Frá einum og upp í nýu væri hægt að raða þeim í dálka og raðir. Enginn of nálægt sjálfum sér, allir sáttir í sínum kössum. Því tölur eru bara tölur, alltaf eins.

Svo væri hægt að brjóta saman blaðið og skilja þar með við þrautir sínar þann daginn

Undir haustglugga í september

Ragnheiður Guðjónsdóttir

Hljóðið í vindinum er hvasst en þrátt fyrir það ber hann ekki svo mikið á því sem situr úti.

Laufin sem eru eftir á greinunum berjast fyrir gripi sínu þar til þau slitna loksins af.

Fuglarnir eru þagnaðir og farnir eitthvert langt í burtu þar sem hlýrra er.

Glugginn er endastöð þess sem flýgur í vindinum – þar eru rigningardropar og gulnuð blöð.

Hlið þar sem spegilmyndir sjást í gegn.

Af kertaljósi sem flöktir og bráðið vaxið skríður yfir jaðra undirskálarinnar.

Af kaffibolla sem er tómur og kaldur með fölnuðu blómamynstri.

Af hekludum dúk sem liggur undir glampanði og hrufluðum plastdúk.

Ög ekki síst af fólki

Inni er loftið kjurrt.

Það verður skringilegra með tímanum sem líður að horfa á þetta fólk – frá öðrum stað – sem minnir mig á hvað það er langt síðan ég sá sjálfa mig síðast.

Poetry

Jana Björg Þorvaldsdóttir

I've got two angels
two godmother watching over me
they teach me to choose and drink red
wine
where it's best to eat
and how to cook a lobster
one teaches me inheritance law
the other about the importance of
regularly visiting my gynecologist

They teach me about the important stuff

No Title

Júlía Karín Kjartansdóttir

I wake up blindfolded
and with a knife in hand
I stand up trying to realize the
surroundings
but then someone jumps me
she stabs me in the gut
I scream
stab back
must have hit
for she screams a familiar scream
I take a blow to the temple
fall on my back
feet flailing
feel her landing
on the floor beside me

we lie still
exhausted
bleeding out
I put the knife up to my face
and cut off the cloth
open my eyes and look to my side
there lies
my mom
my sister
best friend
me

Distant admire

Kjartan Ragnarsson

What would you do?
If my eyes swallowed you whole
Never to return you
holding you forever in my mind
What would you do?

And what would you say?
If too, your eyes found me
by chance
and would not let go
What would you say?

If you saw Iceland from above
Knew then the meaning
That some beauty is only admired from
afar
What would you say?
If you saw me from afar
And your eyes tried swallowing me
whole
Holding me forever
Would you tell me?

Wall

Practical Sudoku

Birta B. Kjerúlf

How simple it would be
changing people into numbers
over hot coffee
on a Sunday.

From one to nine
you could sort them
into lines and columns.
No one to close to themselves,
everyone happy in their box.
For numbers are just numbers,
always the same.

The you could fold up the paper
and part with the puzzle for the day.

Under the Autumn Mirror

Ragnheiður Guðjónsdóttir

Despite the sharp tone of the wind it isn't as
troublesome on the outside.

The remaining hanging leaves fight for their
place until a final fall

The birds are quiet, or flown to the far away
warmth.

The window final stop of all which flies in the
wind - there are raindrops or pale leaves
A gate where reflections pass through

Of a candlelight
that flickers and melted wax creeping over the
brim

Of a coffee cup
that is cold and empty with a discoloured flower

Of a crocheted table cloth
that lies under a shining and crumpled plastic

Of people not the least

Inside there is idle air

It becomes stranger with time observing these
faces - from another world - that reminds of
how long it has been since I last saw myself

Undursterk Hugsjón

The Wonderful Vision

Þá kveð ég stúdentahreyfinguna við Háskóla Íslands eftir fimm gjöful, ánægjuleg og ekki síst lærdómsrik ár. Tímamót sem þessi vekja óumflýjanlega margar spurningar en ekki síður minningar sem ég veit að verða mér kærar um ókomna tíð. Eldri Röskvuliðar eins og ég eiga það allir sameiginlegt að hafa lært ótrúlega mikið á okkur sjálf en líka umhverfið okkar og samfélagið sem við búum í. Á þeim tíma sem ég kom inn hagsmunabaráttuna iðaði Röskva af lífi og hugsjónin reyndist undur sterk. Hugsjón sem byggir einna helst á mikilvægum gildum um jöfnuð, róttækni þegar þess er krafist en umfram allt heiðarleika í starfi. Það eru gildi sem ég hef raunar haft til hliðsjónar utan veggja háskólans líka, verandi meðvituð um þá ábyrgð sem fylgir því að vera þátttakandi í samfélaginu, um að skilja umhverfið mitt og mikilvægi þess að hafa skoðun í samfélagi sem er umlukið pólitík.

Ég er hjartanlega þakklát fyrir það sem hagsmunabaráttan hefur gefið mér á síðastliðnum fimm árum og hefur verið algjört grundvallaratriði í störfum og lífi mínu undanfarin ár – og verður áfram inn í framtíðina. Hagsmunabaráttan kveikti áhuga minn á hinu opinbera og auðvitað málefnum og starfsemi háskólastigsins. Sú starfsemi teygir anga sína út fyrir háskólasamfélagið og krefst vandaðrar meðhöndlunar og samráðs við hagsmunahópa. Það er þess vegna sem ég beini nú sjónum mínum annað en fyrir fimm árum og ætla mér á vit nýrra ævintýra að fræðast betur um opinbera stefnumótun og félagsleg réttindi með áherslu á jafnrétti og sjálfbærni.

Það sem er mér þó kærast eru vináttuböndin sem ég hef myndað og eru stuðningur minn í því sem ég tek mér fyrir hendur, enda sum þeirra orðin að fjölskylduböndum fyrir lífstíð. Af hliðarlínunni hlakka ég til að fylgjast með Röskvu, Stúdentaráði og háskólaráði efla stúdentahreyfinguna, með sömu hugsjón um háskóla er byggir á jöfnuði og virðingu. Það er mikið stolt sem fylgir því að tilheyra háskólasamfélaginu í Vatnsmýrinni og ekki síður að tilheyra eins kröftugum hópi fólks og er að finna í Röskvu.

I am parting with the student movement at the University of Iceland after five rewarding, giving and last but not least very educational years. A turning point like this inevitably raises many questions for me as well as memories that I know I will hold dear to me for years to come. What older Röskvu members like me all have in common is that we have learned an incredible amount about ourselves but also the environment and the society in which we live. By the time I entered the student interest fight, Röskva was in full bloom and strong as ever. An idea that is based primarily on important values of equality, radicalism when needed, but above all honesty. These are values that I have also taken into account outside the university, being aware of the responsibility of being a participant in society, and understanding my environment and the importance of having an opinion in a society that is surrounded by politics.

I am eternally grateful for what the movement has given me over the past five years and it has been absolutely fundamental to my life and work in recent years and will continue to be in the future. The student interest fight sparked my interest in the public sector and, of course, the issues and activities of higher education. This activity extends beyond the campus community and requires careful treatment and consultations with other related interest groups. This is why I will now turn my scopes elsewhere than the past five years, and I intend to learn more about public policy forming and social rights, emphasizing equality and sustainability.

However, what I hold dearest are the friendships that I have formed, they are my support and some have even become like family for life. I look forward to watching Röskva, the Student Council and the University Council from the sidelines strengthen the student movement, with the same ideal of a university that builds on equality and respect. There is a lot of pride that comes with belonging to the university community in Vatnsmýri and no less to belong to such a powerful group of people as can be found in Röskva.



Maístjarnan

Ó hve létt er þitt skóhljóð
ó hve leingi ég beið þín,
það er vorhret á glugga,
napur vindur sem hvín,
en ég veit eina stjörnu,
eina stjörnu sem skín,
og nú loks ertu komin,
þú ert komin til mín.

Það eru erfiðir tímar,
það er atvinnuþref,
ég hef ekkert að bjóða,
ekki ögn sem ég gef,
nema von mína og líf mitt
hvort ég vaki eða sef,
þetta eitt sem þú gafst mér
það er allt sem ég hef.

En í kvöld lýkur vetri
sérhvers vinnandi manns,
og á morgun skín maísól,
það er maísólin hans,
það er maísólin okkar,
okkar einingarbands,
fyrir þér ber ég fána
þessa framtíðarlands.

Oh how light is thy shoe-sound
oh how long I abode thee
there is spring snow on window
bitter wind that whines
but I know one star
one star that shines
and now at last art thou come
thou art come to me.

There are difficult times
there is employment arguing
I have nothing to offer
not a morsel that I give
except my hope and my life
whether I wake or sleep
this one thing that thou gavest me
that is all that I have.

But tonight ends the winter
of every working man
and tomorrow shines a May-sun
it is his May-sun
it is our May-sun
of our unity bond
for thee bear I the flag
of this land of the future.



Jafnrétti
Heiðarleiki
Róttækni



GARÐABÆR

Töfrar vatnsins taka á móti þér

Við höfum rannsakað krafta náttúrunnar í 30 ár,
lært að beisla töfra hennar og notið þess
að upplifa í sátt við umhverfi og móður náttúru.

Við tökum vel á móti þér.



30
ÁRA

BLUE LAGOON
ICELAND